



# Starfsáætlun 2023-2024

## Heilsuleikskólinn Heiðarsel

Reykjanesbær, 28. september 2023





## Inngangur

Starfsáætlunin er byggð á námskrá leikskólans, starfsvenjum og skóladagatali fyrir skólaárið 2023-2024. Í starfsáætluninni er farið yfir það helsta sem unnið var að síðastliðið skólaár og það sem mun einkenna næsta skólaár.

Eins og undanfarin ár mun heilsustefnan vera í brennidepli ásamt markvissri málörvun, stærðfræði og læsi. Við leggjum áherslu á að barnið sé í fyrirrúmi og fái að njóta sín sem einstaklingur á sínum forsendum í leik og starfi. Einnig er áhersla á að nemandi læri að skapa og leita lausna án þess að binda hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir. Við munum halda áfram að innleiða þætti framtíðarsýnar Reykjanesbæjar, menntastefnu Reykjanesbæjar og heimsmarkmiðin í okkar metnaðarfulla starf.

Í starfsáætluninni koma einnig fram hagnýtar upplýsingar, áætlum um þróunar- og nýbreytnistarf og símenntunaráætlun. Að lokum má sjá skóladagatal leikskólans (fylgiskjal 1) og útskýringar á þeim viðburðum sem eru á skóladagatalinu (fylgiskjal 2).

Að auka gleði og vellíðan barnanna  
með áherslu á næringu, hreyfingu og  
listsköpun í leik.

# Efnisyfirlit

<b>1. STARFSÁÆTLUN</b> .....	<b>4</b>
1.1 HLUTVERK .....	4
1.2 ÞJÓNUSTUSTIG .....	4
<b>2. MARKMIÐ OG FRAMTÍÐARSÝN</b> .....	<b>4</b>
<b>3. GÆÐAMARKMIÐ</b> .....	<b>7</b>
<b>4. HELSTU VERKEFNI Á ÁRINU</b> .....	<b>8</b>
<b>5. ENDURMENNTUN</b> .....	<b>10</b>
<b>LOKAORÐ</b> .....	<b>12</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>13</b>
VIÐAUKAR .....	13
SKÓLADAGATAL .....	13
FYLGISKJAL SKÓLADAGATALS .....	13

# 1. Starfsáætlun

## 1.1 Hlutverk

Leikskóli er fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008. Í fyrstu grein laganna segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskylduáldri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Jafnframt segir að í leikskólum skuli velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla, 2008).

## 1.2 Þjónustustig

Heilsuleikskólinn Heiðarsel er leikskóli fyrir börn frá 2ja til 6 ára.

## 2. Markmið og framtíðarsýn

Í Heiðarseli vinnum við eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur sem var tekin upp þann 8. október árið 2004 á fjórtánda afmælisdegi leikskólans. Markmið skólans er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Í vetur munum við halda áfram að efla námssvið leikskólans með starfi í anda heilsustefnunnar og tengja það starf inn á stefnu Reykjanesbæjar sem ber yfirheitið í krafti fjölbreytileikans. Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, þremur gildum og sex stefnuáherslum. Framtíðarsýn bæjarins tengist inn á 12 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Stefnuáherslurnar eru: börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Gildin þrjú eru virðing, eldmóður og framsækni.

Eins og undanfarin ár munum við halda áfram að aðlaga Uppbyggingarstefnuna enn betur að okkar starfi en leikskólinn hefur starfað eftir henni síðan haustið 2012. Heimaskóli Heiðarsels, Heiðarskóli, starfar einnig eftir stefnunni og er stefnan því góður grunnur fyrir þau börn sem síðar sækja þann skóla. Stefnan þjálfar börn í að vera það sem þau vilja vera en ekki einungis að geðjast öðrum. Meginmarkmið með stefnunni er að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Hún er leið til að ýta undir jákvæð samskipti og byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan með fáum en skýrum reglum (Gossen, 2007). Við teljum þetta góða viðbót við það góða starf sem unnið er í Heiðarseli.



Öll námssvið leikskólans má tengja við framtíðarsýn Reykjanesbæjar, heimsmarkmiðin og menntastefnu Reykjanesbæjar.

- Leikur:

Í Heiðarseli er lagt upp úr því að börn læri í gegnum leik og er leikurinn hornsteinn leikskólastarfsins. Þar leggja kennarar sig fram við að þekkja leik barnanna, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna með áherslu á að gefa öllum börnum jöfn tækifæri. Hann er órjúfanlegur þáttur í þroskaferli barns og endurspeglar og eflir þroska þess. Fyrir tilstilli leiksins þróa börn með sér fjölbreytta eiginleika ekki síst innan félags- og tilfinningalegs samhengis (Gammeltoft og Nordenhof, 2006). Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“ því þar er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, tekur ákvarðanir á eigin forsendum, lærir að leita lausna og þar er barnið einbeitt og upptekið af augnablikinu. Fjölbætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra og í leikjum fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt þar sem þau þjálfra hreyfingar sínar og líkamstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra. Á yngstu deild leikskólans verður haldið áfram að vinna með Könnunarleikinn sem er góð aðferð til að fá ung börn til að rannsaka umhverfi sitt. Þessi leikaðferð hefur reynst mjög vel og gefur ungum börnum tækifæri til að kanna, leika með og handfjatla verðlausan efnivið án inngrips kennara sem lætur lítið fyrir sér fara en er þó til staðar til að styðja við leik barnanna.

- Hreyfing:


Áhersla er lögð á fjölbreytt hreyfinám sem verður samtvinnað öðrum þáttum leikskólastarfsins því eins og komið hefur fram leggur heilsustefnan áherslu á hreyfingu, næringu og listsköpun. Markviss hreyfing stuðlar að heilsu og vellíðan og mæta börnin í hreyfingu með miklum eldmóð enda mjög spennt fyrir þessum stundum. Fagstjóri hreyfingar er menntaður íþróttافرæðingur og leikskólakennari og hefur hann gert skipulag fyrir yngri og eldri nemendur skólans og leggur hann mikla áherslu á að gleði sé ríkjandi í þessum stundum. Stundirnar eru settar upp með það í huga að allir fái verkefni við sitt hæfi því þannig njóta börnin sín sem best sem veitir þeim vellíðan. Boðið verður upp á aukatíma í hreyfiþjálfun fyrir þau börn



sem þess þurfa. Unnið verður með þemaverkefni í hreyfingu sem tengd verða við ákveðin áhersluatriði í heilsubók og annað starf eins og læsi, stærðfræði og tónlist. Þá verða ákveðin atriði, sem eru í heilsubók, tekin inn í æfingarnar en öll hreyfing fer fram í gegnum leik. Yfir vetrartímann fara öll börn í skipulagða hreyfingu tvisvar til þrisvar í viku og yfir sumartímann, í maí/júní, eykst útveran með leikjum, gönguferðum og hreyfivikum.

- Markviss málörvun

Markviss málörvun er einn af áhersluþáttum skólans og verður unnið með það í öllum aldurshópum leikskólans. Búið er að gera áætlun og fara nemendur einu sinni til tvisvar í viku í skipulagða málörvunarstund. Eins verður haldið áfram að leggja inn bókstafi og hljóð með öllum nemendum leikskólans. Markmiðið er að efla þennan þátt starfsins enn frekar og gera hann sýnilegri. Við byrjum að leika með, syngja um og skoða stafina strax á yngstu deildinni. Við byggjum svo ofan á þá þekkingu frá ári til árs og á elstu deild eru flestir farnir að þekkja bókstafina.

Unnið verður áfram með Orðaspjall en það er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin felst í því að kennarinn les bók með börnunum, velur orð úr bókinni til að kenna og leika með eftir fjölbreyttum leiðum. Lögð er rík áhersla á samræður við  bókalesturinn til að efla hlustunarskilning.

LÆSI

Öll börn á fjórða aldursári fara í EFI-2 málþroskaskimnum sem skimar málþroska og máltjáningu hjá börnum á fjórða ári. Öll börn á fimmta aldursári fara í Hljóm-2 athugun að hausti þar sem hljóðkerfisvitund er könnuð og hefur slík athugun gefið okkur vísbendingar um gengi barnanna í lestrarnámi. Heilsubókin er okkar helsta mælitæki og metur framfarir hvers nemanda, kennarar skrá í heilsubókina tvisvar sinnum á ári og sýna foreldrum hana í foreldraviðtölum. Heilsubókin er eign barnanna í lok leikskólagöngunnar.

- Læsi og stærðfræði

Undanfarin ár höfum við lagt mikla áherslu á læsi og stærðfræði og þróað kennsluna okkar frá ári til árs. Þessar áherslur hafa verið eitt af aðalsmerkjum leikskólans með því að kenna börnum að þekkja bókstafi og hljóð þeirra, sem er undirstöðuþekking fyrir lestrarnám, auk grunnþátta í stærðfræði. Við munum halda áfram að leggja áherslu á þessa þætti í vetur og vera með starfsfólk í stýrihópum í málörvun/lestri og stærðfræði. Hóparnir munu hittast reglulega í vetur og vera með yfirumsjón með verkefninu. Hlutverk vinnuhópanna verður að koma með hugmyndir að vinnu er tengist læsis- og stærðfræðiþroska barna. Kennsluefni sem tengist þessum námsþáttum hefur verið sett á einn ákveðinn stað í bókahillu á starfsmannagangi til að auðvelda starfsmönnum aðgang.

- Tónlist

Gildi tónlistar og tilgangur með kennslu er að nemendur kynnist henni á jákvæðan hátt í gegnum leik og gleði. Hún er hluti af námi barnanna og tengist öðrum áhersluþáttum starfsins eins og stafa- og hljóðainnlögn. Tónlistin er sögð vera eðlilegur hluti af lífi barna þar sem þau hafa einstaka ánægju af því að syngja, komast í tæri við hljóðgjafa, dansa og skapa (Garvis, 2012, bls. 15). Í vetur munu leikskólakennarar hafa umsjón með þessari vinnu á hverri deild þar sem áhersla verður lögð á að syngja, spila á einföld hljóðfæri, klappa takt og hreyfa sig í takt við tónlistina. Sum lög sem við syngjum í leikskólanum eru til á fleiri tungumálum en íslensku og þar sem við eru svo heppinn að hjá okkur dvelja bæði börn og starfsfólk sem eiga annað móðurmál en íslensku syngjum við löggin á nokkrum tungumálum með þeirra aðstoð og nýtum okkur þannig kraft fjölbreytileikans.

- Listsköpun

Listsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill sem getur stuðlað að gleði og vellíðan ásamt því að vera einn af áhersluþáttum heilsustefnunnar. Í Heiðarseli er markvisst unnið með listsköpun þar sem hún verður meðal annars tengd við Lifthátíð barna í Reykjanesbæ sem haldin er á hverju vori. Í listsköpun er áhersla lögð á að auka hugmyndaflug barnanna, kynna þeim fyrir fjölbreytilegum efnivið auk þess sem þau læra að skynja umhverfi sitt. Fagstjóri sér um að allur efniviður sé til staðar og útbýr áætlanir fyrir hvern aldursþóp til að vinna með í vetur. Listsköpun fer fram í frjálsum leik inni á öllum deildum.



### 3. Gæðamarkmið

Innra mat á leikskólastarfi veitir okkur upplýsingar um styrkleika okkar í starfi og það sem betur má fara. Mat á skólastarfi er tvíþætt, innra mat framkvæma skólarnir sjálfir en ytra mat er unnið af utanaðkomandi aðila á vegum þess sveitarfélags sem rekur skólann.

Við metum skólastarfið hjá okkur í nokkrum liðum. Í Heiðarseli erum við með stöðufundi daglega þar sem deildarstjórar og leikskólastjóri/aðstoðarleikskólastjóri fara yfir og skipuleggja daginn, deildarstjórafundir eru einu sinni í viku og aðra hvora viku eru deildarfundir hverrar deildar.

## Innra mat 2022-2023

Nóvember - foreldrasamtöl
Desember – Starfsmannasamtöl við deildarstjóra
Febrúar/mars – Starfsmannasamtöl við leikskólastjóra
Mars – Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Deildarstjórafundir einu sinni í viku
Deildarfundir aðra hvora viku
Skráning í heilsubók barnsins, skráð er í afmælimánuði barnsins og aftur 6 mánuðum síðar.
Efi-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll 3½ árs börn og Hljóm-2 athugun er lögð fyrir öll börn á elsta ári í ágúst/september
Sérkennslan er endurmetin á 5 vikna fresti og sjá sérkennslustjóri og sérkennari um þá vinnu ásamt deildarstjórum
Teymin okkar koma saman og vinna í áætlunum

## Áætlun fyrir innra mat 2023-2024

Foreldrakönnun Skólapúlsins á vorönn
Starfsmannasamtöl við deildarstjóra á haustönn
Starfsmannasamtöl við leikskólastjóra á vorönn
Foreldrasamtöl
Teymin okkar koma saman og vinna í áætlunum
Sérkennslan er endurmetin á 5 vikna fresti og sjá sérkennslustjóri og sérkennari um þá vinnu ásamt deildarstjórum
Efi-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll 3½ árs börn og Hljóm-2 athugun er lögð fyrir öll börn á elsta ári í ágúst/september
Skráning í heilsubók barnsins - gerð í afmælimánuði barnsins og aftur 6 mánuðum síðar.

## 4. Helstu verkefni á árinu

- Heilsubók barnsins

Okkar helsti gæðamatskvarði í heilsustefnunni er heilsubók barnsins og segir hún til um hvort settum markmiðum heilsustefnunnar er náð. Í þá bók eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið svo sem hæð og þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring og svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni, gróf- og fínhreyfigeta og þróun myndsköpunar.



Matsaðferðin felst í nákvæmri skráningu á þroska og færni barnsins. Tvisvar á ári eru börnin metin og árangurinn skráður í Heilsubók barnsins. Skráningin veitir kennurum haldbæran grunn í foreldrasamtölum sem gefur hlutlausa heildarsýn yfir stöðu barns í öllum þroskaþáttum (heilsustefnan.is). Heilsubók barnsins er í öllum tilfellum trúnaðarmál og eign barnsins. Deildarstjóri hvernar deildar sér um og ber ábyrgð á skráningu í heilsubókina.

- Vinnustundir/hringekja

Við höfum verið að færa vinnustundirnar okkar yfir í hringekju form, þar sem allir nemendur hvernar deildar taka þátt í einu á 3-5 mismunandi stöðvum. Þessi þróun hefur gengið vel og þykir okkur hún hentugri fyrir bæði nemendur og starfsmenn. Starfsmenn deildanna taka allir þátt, fá efni sem þeir eru öruggir að kenna og snýr oft að þeirra áhugasviði. Nemendurnir eru fáir saman í hóp og standa reglulega upp til að skipta um stöð sem, að okkar mati, viðheldur áhuga og úthaldi. Deildarstjórar bera ábyrgð á hringekjunni en þeir setja hana upp í samstarfi við alla starfsmenn deildanna.

- Teymi

Í upphafi hvers skólaárs skiptum við starfsmannahópnum niður í teymi. Teymin hafa það hlutverk að setja upp áætlun fyrir starf vetrarins. Áætlunum er skipt niður eftir aldri barnanna þar sem okkar markmið er að byggja ofan á fyrri reynslu og nám. Hver deild á einn til tvo fulltrúa í hverju teymi og er það ábyrgð hvers fulltrúa að upplýsa aðra samstarfsmenn á deildinni um innihald og framkvæmd á áætluninni. Í vetur eru teymin eftirfarandi:

Heilsuteymi

Jafnréttisteymi

Læsis-teymi

Myndateymi

Sköpunarteymi

Stærðfræðiteymi

Umhverfisteymi

- Sérkennsla

Sérkennslustjóri og sérkennari setja upp og bera ábyrgð á áætlunum fyrir þau börn sem þurfa sérkennslu. Á fimm vikna fresti endurmeta þær stöðuna, ásamt deildarstjórum, þar sem farið er yfir hvaða markmiðum hefur verið náð og hver næstu skref eru.

- Samstarfsverkefni

Á komandi skólaári mun Heiðarsel taka þátt í samstarfsverkefni allra leikskóla Reykjanesbæjar, ásamt bókasafni Reykjanesbæjar og menntasviði Reykjanesbæjar sem ber heitið „Leikgleði með sögum og söng. Verkefnið byggir á því að kennarinn sé með íhlutun í leik barnanna, gæti að jafnræði þannig að allir séu með og er hlutverk hans að koma með ný hugtök inn í leik barnanna sem getur gefið honum meiri gæði og fjölbreyttari orðaforða sem verður til þess að börnin tileinki sér ný orð. Lestur verður gerður lifandi þar sem leiknum verður gefið líf með því að hlusta á raddir barna og með lestrinum eru notaðar myndir og leikmunir. Með þessu skapast tækifæri til að gera hugmyndir barnanna að veruleika. Unnið verður í litlum hópum þar sem börnin eru spurð opinna spurninga einkum um hugsanir og tilfinningar sögupersónanna. Síðan er sagan leikin þar sem börnin velja sér hlutverk af mikilli gleði og tilhlökkun. Aðstæður eru hafðar þannig að börnunum líði vel og þau finni til öryggis en börn ná frekar að tileinka sér hugtakaskilning með því að leika í öruggu umhverfi. Með þessari vinnu gefst börnunum tækifæri til að orða tilfinningar sínar í gegnum bækur og söng og í leiðinni sköpum við gott og skemmtilegt lærdómssamfélag þar sem öllum líður vel.

- Breytingar á Aðalnámskrá leikskóla

Á skólaárinu munum við vinna að breytingum á Aðalnámskrá leikskóla sem áætlað er að verði að fullu innleiddar í leikskólum landsins 1. ágúst 2024. Breytingarnar eiga að skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta meggi með reglubundnum hætti og með virkri þátttöku barna viðhorf, líðan og stöðu þeirra.

Innleiðing á stefnu Reykjanesbæjar í *krafti fjölbreytileikans*, menntastefnu Reykjanesbæjar og tenging við heimsmarkmiðin mun halda áfram í vetur.

## 5. Endurmenntun

Við leggjum áherslu á að starfsfólk sækji sér endurmenntun og er hún allt árið um kring. Á skipulags- og starfsdögum eru oft námskeið og/eða fyrirlestrar sem allur starfsmannahópurinn sækir saman. Starfsmenn hafa svo tækifæri til að sækja námskeið og/eða ráðstefnur sem fara vel með þeim verkefnum sem verið er að vinna að í leikskólanum eða sem vekja áhuga starfsmanna.



OPNUM HUGANN

Námskeið og fyrirlestrar haustið 2022 og vorið 2023

Tákn með tali, Sigrún Grendal frá Ráðgjafar og greiningarstöð
Námskeið í skipulagðri kennslu TEACCH
Lubba námskeið
Blómstra í krefjandi starfi-svefn og vellíðan-starfsánægja-meðvirkni á vinnust.
Aðalfundur Heilsuleikskóla - endurútgáfa næringarstefnu-rafræn heilsubók
Vínátta gegn einelti
Kynferðislegt ofbeldi „Stopp ofbeldi“
Barnvænt samfélag fyrir öll börn - UNICEF
Fjölmennung auðgar – samfélag margbreytileikans
ADHD fræðsla hegðunarráðgjafa
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna
Heimsókn í leikskólann Goðheima á Selfossi
Skipulögð vinna á útisvæði leikskólans ásamt foreldrum
Tákn með tali, Sigrún Grendal frá Ráðgjafar og greiningarstöð

## Lokaorð

Í Heiðarseli er lagt upp með að hafa gott og faglegt starf innan skólans. Við viljum hafa jákvæðni og gleði í okkar starfi, að nemendur öðlist öryggi í leikskólanum og að þeim líði vel. Í vetur vinnum við áfram með okkar frábæru heilsustefnu sem við tókum upp fyrir nokkrum árum sem stuðlar að heilsueflingu nemenda. Áhersla verður lögð á leikinn, söng, hreyfingu og listsköpun en þessir þættir eru allir hluti af heilsustefnunni. Einnig verður áhersla lögð á læsi og stærðfræði.

*Hanna Málfríður Harðardóttir*  
*Leikskólastjóri*

*Svava Ósk Stefánsdóttir*  
*Aðstoðarleikskólastjóri*

*Magnea Sif Einarsdóttir*  
*Sérkennslustjóri*

## Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

American Psychological Association. (2001). Publication manual of the American Psychological Association (5. útgáfa). Washington: Höfundur.

Gammeltoft, Lone og Nordenhof, Sollock. (2006). Autisme, leg og social udvikling. Videncenter for Autisme.

Garvis, S og Pendergast, D. (2012). Exploring Beliefs of Commencing Early Childhood Education Graduate Students: Providing Insights to Improve Teacher Education Programs.

Gossen, D,. (2007). Uppeldi til ábyrgðar. (Magni Hjálmarsson þýddi). (2.útgáfa). Útgáfufélagið Sunnuhvoll.

Heilsustefnan. (e.d. a). Heilsuleikskólar á Íslandi. Sótt af <http://heilsustefnan.is/heilsuleikskolar/heilsuleikskolar-a-islandi>

Lög um leikskóla (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Reykjanesbær. (2021). Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030. Með opnum hug og gleði í hjarta. Reykjanesbær: Reykjanesbær.

Reykjanesbær. (2020). Heimsmarkmiðin – stefna Reykjanesbæjar. Sótt af <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea-9458-005056bc530c>

## Viðaukar

### Skóladagatal

### Fylgiskjal skóladagatals

# Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Heiðarsel

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 M	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 Þ	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 Þ	16 L	16 F	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 M	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 Þ	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 F	26 Þ	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 S	31 S	31 Þ	31 F	31 M	31 M

# Skóladagatal Heiðarsels fylgiskjal 2023-2024

## Skertir dagar

Á skertum dögum er leikskólinn ýmist lokaður á milli 08:00-12:00 eða á milli 13:00-16:00 vegna námskeiða eða starfsmannafunda.

## Litadagar

Þá hvetjum við börn og starfsfólk til að mæta í t.d gulum fötum og/eða með gula fylgihluti. Tilgangurinn með þessum dögum er að kenna börnum litina og tengja þá við málörvun og daglegt líf okkar.

Við munum hafa bleikan litadag í október á sama tíma og hann er í þjóðfélaginu sem og í apríl munum við hafa bláan dag á sama tíma og hann er í þjóðfélaginu.

## Röndóttur, doppóttur, öfugsnúinn, köflóttur dagur

Þá hvetjum við börn og starfsfólk til að mæta í t.d röndóttum fötunum og/eða með röndóttu fylgihluti.

## Ljóslaus dagur:

Börnin mega koma með vasaljós eða annað ljósgjafa að heiman og ætlum við að hafa öll ljós slökkt hluta af deginum.

## Bókadagur:

Þennan dag mega allir nemendur skólans koma með bók að heiman í leikskólann. Munið að merkja bók barnsins.

## Afmæli Heiðarsels:

Heiðarsel 33 ára, skemmtun í sal

## Skipulagsdagur:

Leikskólinn lokaður, starfsmenn fara á námskeið eða skipuleggja starfið.

## Búningadagur:

Börn og starfsfólk mega mæta í grímubúningum eða furðufötum.

## Dagur íslenskra tungu:

Elstu nemendur skólans æfa atriði og sýna í Heiðarskóla

## Bakstur: Hof-Brekka-Bakki-Hóll

Allir nemendur skólans fá að baka piparkökur fyrir jólin

## Jólasamvera:

Foreldrum er boðið í heimsókn, boðið upp á piparkökur sem nemendur hafa bakað

**Litlu jólin- jólamatur:**

Kennarar og nemendur dansa og syngja í salnum, boðið upp á jólamat fyrir nemendur og kennara í hádeginu

**Leikskólar Reykjanesbæjar lokaðir:**

Leikskólar Reykjanesbæjar verða lokaðir á milli jóla og nýárs.

**Hattaball:**

Hattaball haldið í salnum, nemendur mega koma með hatta eða önnur höfuðföt að heiman og við kveðjum jólin.

**Þorrablót:**

Haldið í salnum, gamlir hlutir skoðaðir, þorramatur smakkaður

**Öskudagur:**

Þennan dag mega nemendur koma í grímubúningum eða furðufötum, skemmtun í salnum

**Vorfagnaður:**

Skemmtun í salnum fyrir allar deildir/náttfatadagur

**Útskriftarferð elstu nemenda:**

Farið með alla elstu nemendur skólans í útskriftarferð

**Útskrift elstu nemenda**

Foreldrum boðið í útskrift elstu nemenda þau syngja nokkur lög og bjóða upp á veitingar að lokinni útskrift.

**Sumarhátíð:**

Börnin bjóða foreldrum sínum og systkinum á sumarhátíð á leikskólalóðinni okkar. Foreldrafélagið bíður upp á skemmtiatriði og fjölbreyttar leikjastöðvar erum um alla lóðina.

**Heiðarsels hlaupið**

Nemendur hlaupa mislangar vegalengdir

**Íþróttavika:**

Verður haldin í maí/júní, boðið upp á ýmislegt eins og þrautabraut, dans, fótbolta, körfubolta, vettvangsferðir og fleira

**Sumarfrí 2023:** Verður auglýst síðar.

Þetta dagatal er birt með fyrirvara um breytingar.





Foreldraráð Heilsuleikskólans Heiðarsels hefur lesið og samþykkt starfsáætlun 2023-2024

F.h. foreldraráðs

Ingulára Jónsel



**REYKJANESBÆR**

**Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS**